

# Danska 9.b. 2025-2026

Kennrarar: Þórlif Guðjónsdóttir

9

Skólaárið

2025 - 2026

Helstu námsþættir vetrarins

Áhersla er lögð á að vinna með færniþættina fimm, lestur, hlustun, framsögn, ritun og menningarlæsi.

Unnið verður með þá þætti sem standa nemendum næst, þ.e. um þá sjálfa, nánasta umhverfi þeirra, skólann, fjölskylduna, áhugamál, uppáhaldsmatinn, gæludýr, íþróttir o.s.frv. Það verða hefðbundin vinnubókarverkefni sem innihalda m.a. eyðufyllingar, krossgátur, orðarugl, hlustunarefni, samræðuverkefni og lesskilning. Ásamt því að vinna skapandi verkefni sem tengja við menningu og lifnaðarhætti í Danmörku. Nemendur skila verkefnum bæði munnlega og skriflega.

Nemendur munu einnig lesa og skrifa texta, horfa á þætti og kvíkmyndir, hlusta á tónlist.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Til grundvallar eru valdir kaflar úr bókinni **TAK og SMIL**, les- og vinnubók.

Unnið verður í 6-8 vikna lotum þar sem hver lota hefur ákveðið þema. Í hverri lotu verður unnið með orðaforða tengdan þemanu og farið í grunnþætti málfræðinnar. Ásamt því að vinna valda kafla úr vinnubókunum og skila fjölbreyttum og skapandi verkefnum sem unnin verða bæði í hópum og sem einstaklingar. Stefnt er að því að vekja áhuga nemenda á dönsku og kynna fyrir þeim danska menningu og siði. Unnið verður með orðaforða tengdan efninu og farið í grunnþætti málfræðinnar. Hlustunaræfingar, lesnar smásögur og horft á þætti/kvíkmynd. Fjölbreytt skilaverkefni sem unnin eru bæði í hópum og sem einstaklingar

Námsaðlögun

Námsefnið er aðlagað að nemendum eftir þörfum, sumir gera fleiri æfingar á meðan aðrir gera færri. Eins þurfa sumir lengri tíma á meðan aðrir þurfa styttri tíma til að vinna verkefnin. Nemendur fá einnig aðstoð eftir þörfum s.s. hljóðefni. Einstaklingsnámskrá er fyrir þá sem þurfa.

Námsmat

Námsmat fer fram yfir allan veturinn og verða ýmis verkefni, kynningar og próf, bæði munnnleg og skrifleg lögð fyrir þar sem ákveðnir námsþættir eru metnir hverju sinni. Frammistaða og virkni nemenda í tímum er einnig metin sem og vinnubækur nemenda og glósur. Stuðst verður við leiðsagnarmat og sjálfsmat.

Námsgögn

- TAK, les og vinnubók
- Smil, les- og vinnubók
- Efni frá kennara
- Efni af netinu
- Þættir/kvíkmyndir, tónlist ofl.

- Smásögur

**Kennari áskilur sér rétt til að breyta kennsluáætlun án fyrirvara.**